

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 307/2025**

2026/EES/26/54

frá 5. desember 2025

**um breytingu á X. Viðauka (Almenn þjónusta), XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) og bókun 37 (sem inniheldur skrána sem kveðið er á um í 101. gr.) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/868 frá 30. maí 2022 um evrópskt stjórnskipulag gagna og um breytingu á reglugerð (ESB) 2018/1724 (gerðin um stjórnskipulag gagna) <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1622 frá 9. ágúst 2023 um hönnun sameiginlegra kennimerkja til að auðkenna veitendur gagnamilligönguþjónustu og gagnavildarstofnanir sem viðurkennd eru í Sambandinu <sup>(2)</sup>.
- 3) Samningsaðilarnir viðurkenna að hægt sé að nota heitin „viðurkenndur veitandi gagnamilligönguþjónustu í Sambandinu“ og „viðurkenndur veitandi gagnamilligönguþjónustu á EES-svæðinu“ á víxl með sömu réttindum og skyldum í tengslum við notkunina.
- 4) Samningsaðilarnir viðurkenna að hægt sé að nota heitin „viðurkennd gagnavildarstofnun í Sambandinu“ og „viðurkennd gagnavildarstofnun á EES-svæðinu“ á víxl með sömu réttindum og skyldum í tengslum við notkunina.
- 5) Samningsaðilarnir viðurkenna enn fremur að sameiginlega kennimerkið sem sett er fram í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/1622 ætti að vera það sama fyrir alla samningsaðila. Því ber að skilja tilvísunina í „ESB viðurkennt“ í kennimerkinu sem „EES viðurkennt“.
- 6) X. viðauki, XI. viðauki og bókun 37 við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

*1. gr.*

Eftirfarandi er bætt við 5. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1724) í X. viðauka við EES-samninginn:

„, breytt með:

- **32022 R 0868:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/868 frá 30. maí 2022 (Stjtið. ESB L 152, 3.6.2022, bls. 1).“

*2. gr.*

Eftirfarandi er bætt við á eftir lið 5k (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1024) í XI. viðauka við EES-samninginn:

„5ka. **32022 R 0868:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/868 frá 30. maí 2022 um evrópskt stjórnskipulag gagna og um breytingu á reglugerð (ESB) 2018/1724 (gerðin um stjórnskipulag gagna) (Stjtið. ESB L 152, 3.6.2022, bls. 1).

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 152, 3.6.2022, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 200, 10.8.2023, bls. 1.

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Skilja ber vísanir til löggjafar Sambandsins sem vísanir til EES-samningsins.

b) Í 11. gr. er eftirfarandi málsgrein bætt við á eftir 9. mgr.:

„9a. Að því er varðar aðila sem er skráður í opinbera landsskrá yfir viðurkennda veitendur gagnamilligönguþjónustu í EFTA-ríki, getur aðilinn notað heitið „viðurkenndur veitandi gagnamilligönguþjónustu á EES-svæðinu“.“

c) Í 17. gr. er eftirfarandi málsgrein bætt við á eftir 2. mgr.:

„2a. Að því er varðar aðila sem er skráður í opinbera landsskrá yfir viðurkenndar gagnavildarstofnanir í EFTA-ríki, getur aðilinn notað heitið „viðurkennd gagnavildarstofnun á EES-svæðinu“.“

d) Í 5. mgr. 24. gr., bætist orðin „, eða „viðurkennd gagnavildarstofnun á EES-svæðinu“, eftir því sem við á,“ á eftir orðunum „,viðurkennd gagnavildarstofnun í Sambandinu““.

e) Í 1. mgr. 29. gr. er eftirfarandi undirgrein bætt við:

„EFTA-ríkin skulu taka fullan þátt í Evrópska gagnanýsköpunarráðinu, þó án atkvæðisréttar.“.

5kaa. **32023 R 1622**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1622 frá 9. ágúst 2023 um hönnun sameiginlegra kennimerkja til að auðkenna veitendur gagnamilligönguþjónustu og gagnavildarstofnanir sem viðurkennd eru í Sambandinu (Stjtið. ESB L 200, 10.8.2023, bls. 1).“

### 3. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við bókun 37 við EES-samninginn:

„51. Evrópska gagnanýsköpunarráðið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/868).“

### 4. gr.

Texti reglugerðar (ESB) 2022/868 og framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2023/1622, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

### 5. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. desember 2025, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (\*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 333/2022 frá 9. desember 2022 (3), eftir því hvor dagsetningin er síðar.

### 6. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. desember 2025.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Stefán Haukur Jóhannesson***

Formaður

(\*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

(3) Stjtið. ESB L 164, 29.6.2023, bls. 75 og EES-viðbætur nr. 48, 29.6.2023, bls. 72.